

Alþingi
Erindi nr. P 130/231
komudagur 20. 11. 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 19. nóvember 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna, Þskj. 15 – 15. mál 130. löggjafarþings 2003-2004

Starfsgreinasamband Íslands er þeirrar skoðunar að tryggja beri launajafnrétti kynjanna með tiltækum ráðum.

Í tillögum flutningsmanna er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin láti undirbúa framkvæmdaáætlun til sex ára, með því markmiði að ná fram launajafnrétti kynjanna á tilteknu tímabili. Kannanir benda til töluverðs launamunar kynjanna almennt á Íslandi. Það er því mikilvægt að grípa til aðgerða til þess að snúa þróuninni til eins góðs vegar og mögulegt er hverju sinni. Með þeirri þingsályktunartillögu sem lögð hefur verið fram á þingskjali nr. 15, er m.a. leitað markvissra leiða til að vinna gegn launamisréttinu og að ná árangri með sex ára áætlun í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Starfsgreinasambandið fagnar tillögunni.

Fh. Starfsgreinasambands Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Skúli Thoroddsen'.

Skúli Thoroddsen
framkvæmdastjóri

Starfsgreinasamband Íslands

Sætúni 1 · 105 Reykjavík

Sími 562 6410 · Fax 552 6830 · sgs@sgs.is · www.sgs.is